

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/26/EB

frá 15. júní 1994

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 79/196/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/117/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum ⁽¹⁾, einkum 5. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 79/196/EBE frá 6. febrúar 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/487/EBE ⁽³⁾, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að aðlaga innihald I. viðauka við tilskipun 79/196/EBE að tækniframförum með því að taka upp fimm nýja Evrópustaðla sem Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) hafa nýlega samið.

Með tilliti til tækniframfara sem hafa orðið er nauðsynlegt að aðlaga inntak samhæfðu staðlana sem um getur í I. viðauka við tilskipun 79/196/EBE.

Með tilliti til eðlis þess búnaðar sem um er að ræða verður að ákveða bráðabirgðafyrirkomulag til að gera iðnaðinum kleift að laga sig nægilega að þeim breytingum sem eru gerðar á stöðlunum.

Þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndarinnar er sér um að breyta, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með rafföng til notkunar á sprengihættustöðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. viðauka við tilskipun 79/196/EBE komi viðauki við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 1995 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Fram að 30. júní 2003 skulu aðildarríkin halda áfram að beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 4. gr. tilskipunar 76/117/EBE að því er varðar búnað þar sem samræmi við samhæfða staðla, sem getið er um í tilskipun 79/196/EBE, í útgáfu frá 17. september 1990, er vottað með samræmisvottorðinu sem um getur í 8. gr. tilskipunar 76/117/EBE, að því tilskildu að þetta vottorð sé gefið út fyrir 1. mars 1996.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 15. júní 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 24, 30. 1. 1976, bls. 45.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 43, 20. 2. 1979, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 270, 2. 10. 1990, bls. 23.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

SAMHÆFÐIR STAÐLAR

Samhæfðu staðlarnir sem búnaður verður að samræmast, eftir því hvaða varnartilhögun er beitt, eru þeir Evrópu-staðlar sem taldir eru upp í eftirfarandi töflu.

Evrópustaðlar

(samdir af Rafstaðlasamtökum Evrópu (CENELEC), 35 Rue de Stassart, B-1050 Bruxelles)

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning
EN 50014	— Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: almenn ákvæði — 1. breyting — 2. breyting — 3. og 4. breyting — 5. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979 Júní 1982 Desember 1982 Febrúar 1986
EN 50015	— Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: ólufylling „o“ — 1. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979
EN 50016	— Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: yfirþrýstingsumlykja „p“ — 1. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979
EN 50017	— Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sallafylling „q“ — 1. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979
EN 50018	— Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sprengitraust umlykja „d“ — 1. breyting — 2. breyting — 3. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979 Desember 1982 Nóvember 1985
EN 50019	— Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: aukið öryggi „e“ — 1. breyting — 2. breyting — 3. breyting — 4. breyting — 5. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979 September 1983 Desember 1985 Október 1989 Ágúst 1990
EN 50020	— Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: sjálftrygg útfærsla „i“ — 1. breyting — 2. breyting — 3. breyting — 4. breyting — 5. breyting	1	Mars 1977 Júlí 1979 Desember 1985 Maí 1990 Maí 1990 Maí 1990

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning
EN 50028	— Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: innsteypt útfærsla „m“	1	Febrúar 1987
EN 50039	— Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: rafkerfi fyrir sjálftrygga útfærslu „i“	1	Mars 1980
EN 50050	— Handverkfæri til stöðurafmagnssprautunar	1	Janúar 1986
EN 50053 (1. hluti)	— Handbyssur til stöðurafmagnssprautunar á málningu með hámarksorku 0,24 mJ og fylgihlutir þeirra	1	Febrúar 1987(*)
EN 50053 (2. hluti)	— Handbyssur til stöðurafmagnssprautunar á dufti með hámarksorku 5 mJ og fylgihlutir þeirra	1	Júní 1989(*)
EN 50053 (3. hluti)	— Handbyssur til stöðurafmagnssprautunar á ull með hámarksorku 0,24 mJ eða 5 mJ og fylgihlutir þeirra	1	Júní 1989(*)

(*) Hér er einungis átt við þær greinar sem fjalla um smíði tækja sem eru tilgreind í stöðlunum EN 50053, 1. 2. og 3. hluta.“